

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 13 desember kl. 9:10, var haldinn 215. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Kerhólum. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Torfi Hjartarson, Stefán Benediktsson, Sigurborg Ó Haraldsdóttir, Áslaug María Friðriksdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Sævar Þór Jónsson áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Þorsteinn Hermannsson, Oddrún Helga Oddsdóttir og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. Strætó, leiðakerfisbreytingar 2018 Mál nr. US170380
Kynntar breytingar sem gerðar verða á leiðarkerfi Strætó um áramótin 2017-2018

Kl. 9:21 tekur Magnea Guðmundsdóttir sæti á fundinum.

Fulltrúar Strætó Jóhannes Svavar Rúnarsson og Valgerður Gréta Benediktsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Gunnarsbraut, varnarveggur (hljóðmön) Mál nr. US170378
Lagt fram bréf þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða f.h. hverfisráðs Hlíða dags. 4. desember 2017 um varnarvegg (hljóðmön) við Gunnarsbraut, áður Miklubraut. Óskað er eftir að veggurinn verði lagfærður.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.
3. Bústaðavegur, hjóla- og göngustígur Mál nr. US170381
Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 11. desember 2017 ásamt tillögu verkfræðistofunnar Mannvits dags. 11. október 2017 að göngu- og hjólastíg við Bústaðaveg.
Samþykkt.
4. Lyfjaskilsverkefni, kynning Mál nr. US170361
Kynnt samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Lyfjastofnunar og Veitna um skil á lyfjum í apótek til eyðingar - kynningarherferð.
Frestað.
5. Reykjastræti, hönnun Mál nr. US170007
Kynnt útlit og yfirbragð á Reykjastræti frá Tryggvagötu að Hörpu.

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri, fulltrúi Landslags Þráinn Hauksson, fulltrúi Landmótunar Áslaug Traustadóttir og fulltrúi PKdM Björg Halldórsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Tryggvagata og nýtt borgartorg (Bæjarins Besta), endurgerð Mál nr. US170341
Kynnt drög Landmótunar að endurgerð Tryggvagötu frá Lækjargötu að Gróf. Nýtt yfirbragð á Tryggvagötunni og nýtt borgartorg (Bæjarins Bestu).

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri, fulltrúi Landslags Þráinn Hauksson, fulltrúi Landmótunar Áslaug Traustadóttir og fulltrúi PKdM Björg Halldórsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

7. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerðir

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 8. desember 2017.

8. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Hraunbær-Bæjarháls, breyting á aðalskipulagi, breytt landnotkun og fjölgun íbúða Mál nr. SN160849
- Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í desember 2017 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem felst í breytingu á landnotkun og fjölgun íbúða við Hraunbæ-Bæjarháls.
- Samþykkt að auglýsa tillögu samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Vísað til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Aðalskipulag Reykjavíkur, veitinga- og gististaðir, breyting á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði Mál nr. SN160890
- Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. apríl 2017, á breytingu á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði. Um er að ræða uppfærslu vegna gildistöku breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir/ábendingar: Hverfisráð Laugardals, dags. 30 júní 2017, Íbúasamtök miðborgar, dags. 14. júlí 2017 og Gestur Ólafsson, dags. 28. júlí 2017. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulag á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. ágúst 2017 og er nú lagt fram að nýju ásamt nýrri tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. september 2017, á breytingu á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði. Tillagan var auglýst frá 25. október 2017 til og með. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Benóný Ægisson f.h. stjórnar íbúasamtaka miðborgar dags. 5. desember 2017, Þórey Bjarnadóttir dags. 5. desember 2017, stjórn húsfélagsins að Stakkholti 2-4 6. desember 2017, Almenna leigufélagið ehf, dags. 6. desember 2017, Katrín Ingjaldsdóttir, dags. 6. desember 2017, Ómar Geir Þorgeirsson dags. 6. desember 2017, Jenný Sigurgeirsdóttir dags. 6. desember 2017, Guðmundur Hugi Guðmundsson dags. 6. desember 2017, Málflutningsstofa Reykjavíkur f.h. Þingvangs ehf. dags. 6. desember 2017 og Reginn fasteignafélag f.h. RA 5 ehf. dags. 6. desember 2017.
- Athugasemdir kynntar.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Hraunbær-Bæjarháls, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN160847
- Lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Hraunbæ-Bæjarháls við Tunguháls sem felst í breytingu á hagnýtingu lóðarinnar úr opnu svæði í íbúðarbyggð og fjölgun íbúða, samkvæmt deiliskipulagsuppráttum A2F Arkitekta, dags. 12. október 2017. Einnig er lögð fram hljóðvistarskýrsla Eflu, dags. 29. september 2017.
- Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Vísað til borgarráðs.
11. Bryggjuhverfi vestur, svæði 4, nýtt deiliskipulag (04.0) Mál nr. SN170087
- Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. desember 2017 sem unnin er af Arkís, Verkis og Landslagi, vegna gerðar deiliskipulags fyrir Bryggjuhverfi vestur, svæði 4. Svæðið er að mestu á núverandi landfyllingu og afmarkast af núverandi Bryggjuhverfi til austurs, Ártúnshöfða til suðurs og sjó til norðurs og vesturs. Í tillögunni er stefnt að uppbyggingu til að styrkja byggðamynstur núverandi Bryggjuhverfis og mæta þörf fyrir uppbyggingu nýrra íbúða auk þjónustu. Einnig er lögð fram almenn greinargerð og skilmálar fyrir innviði dags. 13. desember 2017 og greinargerð og skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð dags. 13. desember

2017. Jafnframt eru lögð fram drög Borgarsögusafns Reykjavíkur að húsakönnun Ártúnshöfða dags. nóvember 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri, fulltrúi Arkís Björn Guðbrandsson, Þráinn Hauksson frá Landslagi og Anna Guðrún Stefánsdóttir frá Verkis taka sæti á fundinum undir þessum lið.

12. Fiskislóð 15-21, sjálfsafgreiðslustöð fyrir (01.089.3) Mál nr. SN170528 eldsneyti

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Faxaflóahafna, dags. 21. júní 2017, ásamt erindi Festi, dags. 8. janúar 2017, þar sem óskað er eftir formlegri afgreiðslu umsóknar um uppsetningu eldsneytisafgreiðslu við Fiskislóð 15-21. Einnig er kynnt minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra dags. 5. desember 2017.

Fyrirliggjandi umsókn synjað með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinssonar og Stefáns Benediktssonar, fulltrúa Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur, fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Torfa Hjartarsonar, með eftirfarandi bókun: "Tillagan samræmist hvorki stefnu Reykjavíkurborgar um fækkun bensinstöðva né nýsamþykkttri loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar þar sem segir m.a.: "Markmiðið verði að dætur fyrir jarðefnaeldsneyti innan borgarmarkanna verði 50% færri árið 2030 og verði að mestu horfnar árið 2040."

Stórmarkaðir með matvöru í jaðri íbúasvæðis eru jafnframt andstæðir gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur þar sem er að finna stefnur um skipulag vistvænna hverfa og hverfisverslanir. Myndi sjálfsafgreiðslustöð á umræddum stað að öllum líkindum festa stórmarkaðina enn frekar í sessi".

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins

13. Borgartún 8-16A, breyting á skilmálum (01.220.1) Mál nr. SN170872 deiliskipulags

450613-2580 Höfðahótel ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Höfðahótel ehf. mótt. 21. nóvember 2017 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Höfðatorgs (Borgartún 8-16A). Í breytingunni felst að setja inn ákvæði þar sem skýrt kemur fram heimild um að samnýta bílastæði í bílakjallara samkvæmt tillögu dags. 8. desember 2017. Einnig er lögð fram greinargerð PKdM dags. 21. nóvember 2017 ásamt fylgiskjöllum.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. Fiskislóð 33, 35 og 37, breyting á (01.086.4) Mál nr. SN170736 deiliskipulagi

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. mótt. 4. október 2017 ásamt bréfi, dags. 4. október 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfirisey) vegna lóðanna nr. 33, 35 og 37 við Fiskislóð. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli, sameining lóða ásamt sameiginlegum bílastæðum sem yrðu að stórum hluta í bílageymslu neðanjarðar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupph. T.ark Arkitekta ehf., dags. 15. ágúst 2017. Einnig er lögð fram greinargerð T.ark Arkitekta ehf., dags. 1. mars 2017 og bréf Faxaflóahafna sf. dags. 18. ágúst 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2017.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2017.
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka.
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir telja að möguleikar svæðisins séu miklu meiri en deiliskipulagið frá 2015 ber með sér, enda hafi þar ekki verið horft til framtíðar og þeirra fjölmörgu tækifæra til byggðarþróunar sem geta legið í nýtingu þessa svæðis. Skipulagið ætti að taka upp og endurskoða sem fyrst enda gríðarlega mikilvægt svæði fyrir alla borgina.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Heiða Björk Hilmisdóttir, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Torfi Hjartarson og fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka:
Það er alveg rétt að Örfiriseyjarsvæðið er mjög mikilvægt. Það hefur fengið að þróast án heimilda til stórtæktrar uppbyggingar og lóðasameininga. Það fyrirkomulag hefur skapað svigrúm fyrir fjölbreytta og blómlega flóru fyrirtækja. Við þéttingu byggðar þarf að forgangsraða svæðum. Þótt það sé mjög líklegt að Örfirisey muni í framtíðinni þróast í átt að miðsvæði telur meirihluti umhverfis- og skipulagsráðs ekki tímabært að hleypa þeirri þróun af stað.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. Gamla höfnin - Vesturbugt, breyting á (01.0) Mál nr. SN170555
deiliskipulagi svæði 5 og 6
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Yrki arkitekta mótt. 5. júlí 2017 um breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar svæði 5 og 6. Sótt er um breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar fyrir einnar hæðar verslunar- og þjónustuhúsum (einingar) fyrir Faxaflóahafnir á Ægisgarði og við Hafnargötu ásamt uppbyggingu stærra þjónustuhúss við Ægisgarð, samkvæmt uppdráttum Yrki arkitekta ehf. dags. 14. nóvember 2017.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísad til borgarráðs.

Sigurborg Ó. Haraldsdóttir vikur af fundi undir þessum lið.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. Héðinsreit, reitur 1.130.1, breyting á (01.130.1) Mál nr. SN170526
deiliskipulagi
Kynnt staða vinnu Jvantspijker og Teikn arkitektapjónustu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Héðinsreit. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2017.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2017 samþykkt.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. Elliðabraut 4-6, 8-10 og 12, breyting á (04.772.3) Mál nr. SN160659
deiliskipulagi
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 15. nóvember 2017 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsinga um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda m.a. vegna framsetningar og efnis þar sem skýrslu um hljóðvist fyrir Elliðabraut 8-12 vantar sem og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi skýrsluna og fyrirhugaðar óskir. Ennfremur þarf að gera grein fyrir hljóðvist við Elliðabraut 4-6, hafi hún verið undanskilin í skýrslunni. Einnig er lagður fram deiliskipulags- og skýringaruppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 29. júní 2017 lagf. 15. nóvember 2017 og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 12. desember 2017.
Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

18. Lindargata 10, breyting á deiliskipulagi (01.151.5) Mál nr. SN170076
211184-2139 Bergur Þorsteinsson Briem, Noregur,
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 1. nóvember 2017 þar sem gerð er athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda, þar sem eftir er að fjalla um og bregðast við umsögn Minjastofnunar Íslands frá 18. september 2017, skilmálar eru óskýrir og misræmi í þeim á milli gagna o.fl. Einnig eru lagðir fram deiliskipulags- og skýringaruppd. Bergs Þorsteinssonar Briem arkitekts dags. 11. desember 2016, síðast breytt 6. desember 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. desember 2017.
Samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 11:27 vikur Áslaug María Friðriksdóttir af fundi og Ólafur Kr. Guðmundsson tekur sæti á fundinum á sama tíma, þá átti einnig eftir að kynna mál nr. 5 og 6 í dagskránni.

19. Hlíðarendi 2, breyting á deiliskipulagi (01.629.8) Mál nr. SN160971
491299-2239 Valsmenn hf., Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Kristjáns Ásgeirssonar, mótt. 23. desember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 2 við Hlíðarenda. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit og aukning á byggingarmagni á reit A, samkvæmt uppd. ALARK arkitekta ehf., dags. 22. desember 2016. Einnig er lagður fram skýringaruppdáttur og greinargerð ALARK arkitekta ehf., dags. 22. desember 2016. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Jóhanns Halldórssonar f.h. lóðarhafa Hlíðarenda H-reit, dags. 27. apríl 2017, tölvupóstur Bjarna Más Bjarnasonar f.h. Hlíðarenda 1-7, 28 og 34, dags. 27. apríl 2017, þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdafresti og skuggavarp Alark arkitekta ehf. dags. 26. júní 2017. Tillagan var auglýst frá 20. mars til og með 15. maí 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Lex lögmannsstofa f.h. NH eigna ehf., dags. 12. maí 2017, Lex lögmannsstofa f.h. Dalhúss ehf., dags. 12. maí 2017, og Jóhann Halldórsson hrl. f.h. OI ehf. dags. 14. maí 2017. Einnig er lagður fram deiliskipulagsuppd. Alark arkitekta ehf. dags. 22. desember 2017 breyttur 17. nóvember 2017 og skýringaruppd. dags. 17. nóvember 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2017.
Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2017.
Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 12:01 vikur Stefán Benediktsson af fundi, Heiða Björk Hilmsdóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma, þá átti einnig eftir að kynna mál nr. 5 og 6 í dagskránni.

20. Hverfisgata 41, breyting á deiliskipulagi (01.152.4) Mál nr. SN170824
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar mótt. 2. nóvember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 41 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall lóðarinnar er hækkað, fjölga íbúðum í húsinu í þrjár, ein á hverri hæð (utan kjallara) og ein í risi, og koma fyrir svölum á norðurhlíð hússins, samkvæmt uppd. Teiknistofunnar Stiku dags. 1. nóvember 2017. Einnig er lagt fram samkomulag Reykjavíkurborgar og Sjens vegna byggingarréttar við Hverfisgötu 41 dags. 31. október 2016 og umsögn Skipulagsstofnunar dags. 11. desember 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísad til borgarráðs.

Magnea Guðmundsdóttir vikur af fundi undir þessum lið.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

21. Bæjarflöt 9-11 og Gylfaflöt 15-17, breyting á (02.576) Mál nr. SN170830
deiliskipulagi
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar mótt. 8. nóvember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar vegna lóðanna nr. 9-11 við Bæjarflöt og 15-17 við Gylfaflöt. Í breytingunni felst lagfæring á uppdrætti, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 14. nóvember 2017.
Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.
Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

22. Kjalarnes, Esjumelar-Varmidalur, breyting á (34.2) Mál nr. SN170885
deiliskipulagi
Lögð er fram tillaga Landmótunar að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis Esjumela á Kjalarnesi, dags. 1. nóvember 2017 ásamt skýringaruppdr. og greinargerð dags. 1. nóvember 2017. Í breytingartillögu felast m.a. breytingar á lóðarstærðum og afmörkunum, breytingar á samgöngutengingum innan svæðis ásamt auknu plássi fyrir ofanvatnslausnir og settjarnir. Einnig eru skipulagsmörkin stækkuð lítillega, greinargerð yfirfarin og eldri skilmálatöflu skipt út fyrir nýja o.fl.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísad til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. Suður Mjódd, breyting á deiliskipulagi (04.91) Mál nr. SN160527
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 23. nóvember 2017 þar sem gerðar eru athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna athugasemda sem teknar eru fram í bréfi stofnunarinnar. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. desember 2017 ásamt uppdráttum Teiknistofunnar Storð dags. 27. apríl 2017 lagfærðum eftir athugasemdir Skipulagsstofnunar 8. desember 2017.
Samþykkt
Vísad til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

24. Skeifan, rammaskipulag (01.46) Mál nr. SN160020
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Lögð fram tillaga að rammaskipulagi Kanon arkitekta ehf. fyrir Skeifuna dags. 13. desember 2017. Einnig er lögð fram greinargerð Kanon arkitekta ehf. dags. 13. desember 2017, húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur og minnisblað EFLU um hljóðvist dags. 4. desember 2017.
Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að kynna tillögu að rammaskipulagi fyrir Skeifuna fyrir hagsmunaaðilum á svæðinu.
Rammaskipulagið verður aðgengilegt á vef umhverfis- og skipulagssviðs

Vísað til borgarráðs.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

25. Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 1, lýsing (04.0) Mál nr. SN170899
Lögð fram lýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. 6. desember 2017 vegna gerð deiliskipulags fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 1. Svæðið afmarkast af Miklubraut/Vesturlandsvegi til suðurs Elliðaárvogi til vesturs, Grafarvogi til norðurs og Gullinbrú til austurs og er um það bil 130 ha að stærð. Svæði 1 á Ártúnshöfða er um það bil 16 ha að stærð.
Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs
Vísað til borgarráðs.
26. Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 2, lýsing (04.0) Mál nr. SN170900
Lögð fram lýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. 6. desember 2017 vegna gerð deiliskipulags fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 2. Svæðið afmarkast af Miklubraut/Vesturlandsvegi til suðurs Elliðaárvogi til vesturs, Grafarvogi til norðurs og Gullinbrú til austurs og er um það bil 130 ha að stærð. Svæði 2 á Ártúnshöfða er um það bil 19 ha að stærð.
Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs
Vísað til borgarráðs.
27. Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 3, lýsing (04.0) Mál nr. SN170901
Lögð fram lýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. 6. desember 2017 vegna gerð deiliskipulags fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 3. Svæðið afmarkast af Miklubraut/Vesturlandsvegi til suðurs Elliðaárvogi til vesturs, Grafarvogi til norðurs og Gullinbrú til austurs og er um það bil 130 ha að stærð. Svæði 3 á Ártúnshöfða er um það bil 15 ha að stærð.
Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs
Vísað til borgarráðs.

(B) Byggingarmál

28. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð
Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 953 frá 5. desember 2017.

(C) Fyrirspurnir

29. Brautarholt 26 og 28, (fsp) hækkun húss (01.250.1) Mál nr. SN170677
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík
561208-0690 Karl Mikli ehf., Litlakrika 42, 270 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn T.ark Arkitekta ehf., mótt. 12. september 2017, um hækkun hússins að Brautarholti 26-28 um eina hæð, skv. uppdrætti T.ark Arkitekta ehf., dags. 12. september 2017. Einnig er lögð fram greinargerð hönnuða, dags. 11. september 2017 og skuggavarp dags. 6. desember 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. desember 2017.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. desember 2017
Umhverfis- og skipulagsráð felur umhverfis og skipulagssviði að hefja endurskoðun á deiliskipulagi Skipholtsreitar, þar sem áhrif þess að auka byggingarmang og heimila aukahæðir verða metin, m.a. m.t.t. áhrifa á nærliggjandi íbúðarbyggð, grænar áherslur, skuggavarp, borgarhönnun Brautarholts og Skipholts, og bílastæðabókhalld.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

30. Vesturhöfn, Línbergsreitir, (fsp) breyting á (01.087) Mál nr. SN170561
deiliskipulagi

420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

100682-4519 Andri Klausen, Stakkholt 2a, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Andra Klausen, mótt. 11 júlí 2017, um breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar vegna Línbergsreits, reit sem afmarkast af Grunnslóð, Fiskislóð, Djúpslóð og Grandagarði, sem felst í að skipuleggja byggð með skrifstofuhúsnæði á þrem til fjórum hæðum. Byggingar verða lægstar næst Fiskislóð og Grandagarði, 3 hæðir, en hækka um hæð nær Djúpslóð, samkvæmt kynningargögnum Ask arkitekta ehf., dags. 16. júní 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2017. Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2017.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Ólafur Kr. Guðmundsson sitja hjá og bóka:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Ólafur Kr. Guðmundsson sitja hjá og telja að möguleikar svæðisins séu miklu meiri en deiliskipulagið frá 2015 ber með sér, enda hafi þar ekki verið horft til framtíðar og þeirra fjölmörgu tækifæra til byggðarþróunar sem geta legið í nýtingu þessa svæðis. Skipulagið ætti að taka upp og endurskoða sem fyrst enda gríðarlega mikilvægt svæði fyrir alla borgina.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Heiða Björk Hilmisdóttir, fulltrúi

Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns

framboðs Torfi Hjartarson og fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka:

Það er alveg rétt að Örfiriseyjarsvæðið er mjög mikilvægt. Það hefur fengið að þróast án heimilda til stórtæktrar uppbyggingar og lóðasameininga. Það fyrirkomulag hefur skapað svigrúm fyrir fjölbreytta og blómlega flóru fyrirtækja. Við þéttingu byggðar þarf að forgangsraða svæðum. Þótt það sé mjög líklegt að Örfirisey muni í framtíðinni þróast í átt að miðsvæði telur meirihluti umhverfis- og skipulagsráðs ekki tímabært að hleypa þeirri þróun af stað.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

31. Umhverfis- og skipulagsráðs, kosning fulltrúa Mál nr. US170384

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. desember 2017 um samþykkt borgarstjórnar frá 5. desember 2017 að Heiða Björg Hilmisdóttir taki sæti í umhverfis- og skipulagsráði í stað Sverris Bollasonar.

32. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir innkaup Mál nr. US130118

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í október 2017.

33. Umhverfis- og skipulagssvið, tíu mánaða uppgjör Mál nr. US170382

Lagt fram tíu mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs, janúar til október 2017.

34. Smiðjustígur 10 og Klapparstígur 16, breyting á (01.151.5) Mál nr. SN170229
deiliskipulagi

101069-5249 Davíð Kristján Chatham Pitt, Skildinganes 11, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 1. desember 2017 um samþykki borgarráðs dags. 30. nóvember um breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.5 vegna lóða nr. 10 við Smiðjustíg og 16 við Klapparstíg.

35. Lynghál 7, breyting á deiliskipulagi (04.324.1) Mál nr. SN170785

550595-2499 Gæðabakstur ehf., Lynghálsi 7, 110 Reykjavík
531107-0550 Arkis arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra dags. dags. 30. nóvember 2017 um samþykki borgarráðs s.d. um
auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7 við Lynghál.

36. Kirkjustétt 2-6, breyting á deiliskipulagi (04.132.2) Mál nr. SN170578
530516-0670 M fasteignir ehf., Bæjarlind 14-16, 200 Kópavogur
Lagt fram bréf borgarstjóra dags. dags. 30. nóvember 2017 um samþykki borgarráðs
s.d. um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina 2-6 við Kirkjustétt.
37. Skólavörðustígur 36, breyting á (01.181.4) Mál nr. SN170465
deiliskipulagi
480915-1510 Arwen Holdings ehf., Seljavegi 2, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra dags. dags. 30. nóvember 2017 um samþykki borgarráðs
s.d. um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.4, Lokastígsreits 4, vegna
lóðarinnar nr. 36 við Skólavörðustíg.
38. Hólmsheiðarvegur 151, breyting á deiliskipulagi (05.8) Mál nr. SN170811
450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra dags. dags. 30. nóvember 2017 um samþykki borgarráðs s.d. um
auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi á lóð Landsnets á Hólmsheiði, Hólmsheiðarvegur 151.
39. Hafnarstræti 18, breyting á deiliskipulagi (01.140.3) Mál nr. SN170420
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra dags. dags. 30. nóvember 2017 um samþykki borgarráðs s.d. um
breytingu á deiliskipulagi á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 18 við Hafnarstræti.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:10

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Torfi Hjartarson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Heiða Björk Hilmsdóttir
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Ólafur Kr. Guðmundsson

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 12. desember kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 954. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Ásvallagata 15** (01.162.302) 101275 Mál nr. BN053136
680794-2009 Ásvallagata 15, húsfélag, Ásvallagötu 15, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að steypa svalir með stálhandriðum á garðhlið og síkka gluggagöt til að koma fyrir hurð út á svalirnar á íbúðum 0201 og 0301 í húsinu á lóð nr. 15 við Ásvallagötu.
Samþykki meðeigenda dags. 25. júní 2017 fylgir.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. október 2017 fylgir erindinu.
Erindi var grenndarkynnt frá 31. ágúst 2017 til og með 28. september 2017 fyrir hagsmunaaðilum að Ásvallagötu 13 og 17 og Blómvallagötu 11. Engar athugasemdir bárust.
Gjald kr. 11.000 + 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Vakin er athygli á að hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan eins árs frá afgreiðslu borgarráðs á samþykkt þessari skal grenndarkynning fara fram að nýju áður en leyfi er veitt, sbr. 4. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN053926
681205-3220 HTO ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN029205 vegna lokaúttektar, um er að ræða breytingu á brunamerkingum og minni háttar breytingum á innveggjum í kjallara verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits vegna lokaúttektar.
- Brautarholt 2** (01.241.201) 103019 Mál nr. BN051678
670812-0810 Almenna C slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir 21 gistiíbúð í flokki II tegund E á 2, 3 og 4. hæð í húsinu á lóð nr. 2 við Brautarholt.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. október 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. október 2016.
Samþykki meðlóðarhafa dags. 10. júlí 2017 og 3. nóvember 2017 fylgir á A4 teikningu.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.
- Dunhagi 18-20** (01.545.113) 106483 Mál nr. BN053878
510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 02 sem eru fjórir bílskúrar sem með fastanr. 202-8181 á lóð nr. 18-20 við Dunhaga.

Niðurrif mhl. 02 : 102,2 ferm., 324,0 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

5. **Efstaleiti 5** (01.745.002) 180144 Mál nr. BN053856
630701-2440 TR-Eignir ehf, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að starfrækja mötuneyti/veitingastað í flokki II - tegund ?? í húsinu á lóð nr. 5 við Efstaleiti.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. desember 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2017.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Á milli funda.
6. **Efstaleiti 5A** (01.745.003) 186595 Mál nr. BN053882
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja dreifistöð úr forsteyptum einingum á staðsteyptri plötu á lóð nr. 5A við Efstaleiti.
Stærð: XX ferm., XX rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
7. **Fiskislóð 37B** (01.086.501) 224291 Mál nr. BN053869
481188-1219 Brimrún ehf., Hólmastlóð 4, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052515 þannig að þakuppbygging og þakkantur breytist og komið er fyrir loftræsistokki á húsi á lóð nr. 37B við Fiskislóð.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
